

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2023

2023/EES/81/12

frá 28. apríl 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1950 frá 14. október 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir kreósoði sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1990 frá 20. október 2022 um að afturkalla samþykkið fyrir tólýflúaníði sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 7 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1992 frá 20. október 2022 um að samþykkja kjarna úr grábrá (*Chrysanthemum cinerariaefolium*), úr opnum og þroskuðum blómum *Tanacetum cinerariifolium*, fenginn með vetniskol-efnisleysi, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1993 frá 20. október 2022 um að samþykkja kjarna úr grábrá (*Chrysanthemum cinerariaefolium*), úr opnum og þroskuðum blómum *Tanacetum cinerariifolium*, fenginn með koltvísýringi í yfirmarksástandi, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2048 frá 24. október 2022 um að samþykkja L(+)-mjólkursýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2005 frá 21. október 2022 um að samþykkja ekki metýlendíþíósýanat sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2054 frá 21. október 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörinni Preventol A 12 TK 50 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁷⁾.
- 8) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1950 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1839 ⁽⁸⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 269, 17.10.2022, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 273, 21.10.2022, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 273, 21.10.2022, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 273, 21.10.2022, bls. 17.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2022, bls. 60.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 274, 24.10.2022, bls. 76.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2022, bls. 77.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 372, 20.10.2021, bls. 27.

- 9) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1990 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1087 ⁽⁹⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 10) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 12zzzzq (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1087):
- „**32022 R 1990:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1990 frá 20. október 2022 um að afturkalla samþykkið fyrir tólyflúaníði sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 7 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 273, 21.10.2022, bls. 9).“
2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 12zzzzzzp (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1839):
- „**32022 R 1950:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1950 frá 14. október 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir kreósóti sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 269, 17.10.2022, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzr (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2327):
- „12zzzzzzzs. **32022 R 1992:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1992 frá 20. október 2022 um að samþykkja kjarna úr grábrá (*Chrysanthemum cinerariaefolium*), úr opnum og þroskuðum blómum *Tanacetum cinerariifolium*, fenginn með vetniskolefnisleysi, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 273, 21.10.2022, bls. 14).
- 12zzzzzzzt. **32022 R 1993:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1993 frá 20. október 2022 um að samþykkja kjarna úr grábrá (*Chrysanthemum cinerariaefolium*), úr opnum og þroskuðum blómum *Tanacetum cinerariifolium*, fenginn með koltvísýringi í yfirmarksástandi, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 273, 21.10.2022, bls. 17).
- 12zzzzzzzu. **32022 R 2005:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2005 frá 21. október 2022 um að samþykkja ekki metýlendíþíósýanat sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 274, 24.10.2022, bls. 76).
- 12zzzzzzzv. **32022 R 2048:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2048 frá 24. október 2022 um að samþykkja L(+)-mjólkursýru sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2022, bls. 60).
- 12zzzzzzzw. **32022 R 2054:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2054 frá 21. október 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörurni Preventol A 12 TK 50 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2022, bls. 77).“

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 180, 6.7.2016, bls. 18.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/1950, (ESB) 2022/1990, (ESB) 2022/1992, (ESB) 2022/1993, (ESB) 2022/2048 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2022/2005 og (ESB) 2022/2054, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.